

## Samfélagsgreinar 5.-6. bekkur (2022-2023)

Kennarar: Hrund Malín Þorgeirsdóttir; Sara Gísladóttir

5, 6

### Lýsing

Samfélagsgreinar í 5.-6. bekk

Saga, landafræði, lífsleikni, trúarbragðafræði, heimspeki og umhverfismennt

### Kennsluáferðir og fyrirkomulag

Fyrirkomulag kennslu byggist einna helst á verkefna- og sjálfstæðri vinnu nemenda (einn eða fleiri saman). Kennari er leiðbeinandi, hann er með innlögð/fyrirlestra þegar þess þarf. Þess á milli vinna nemendur margvísleg verkefni til að dýpka þekkingu sína. Að lokum koma nemendur þekkingu sinni á framfæri með ýmsu móti.

Lögð er áhersla á sam- og hópavinnu nemenda, gagnrýna hugsun, skapandi skil og sjálfstæði í vinnubrögðum.

### Námsaðlögun

Komið er til móts við þarfir hvers nemenda og í mörgum tilfellum getur námsefnið jafnvel verið í höndum nemenda þar sem þeir velja sitt efni út frá áhugasviði.

Nemendur hafa aðgang að námsefni á hljóðbókaformi.

Stuðst er við skapandi skil og kappkostað að kenna nemendum að notfæra sér þær þjargir sem til eru.

### Námsmat

Námsmat er margþætt og byggist á nokkrum þáttum.

Skráð námsmat í Mentor er tvíþætt. Annars vegar eru hæfniviðmið metin sífellt yfir skólaárið og hins vegar fá nemendur lokamat í hverri námsgrein tvisvar á skólaárinu.

Einkunnaskali sem notaður er til að meta viðmið úr námskrám er eftirfarandi:

\* Framúrskarandi

✓ Hæfni náð

◇ Á góðri leið

○ Þarfnast þjálfunar

X Hæfni ekki náð

Námsmat sem notað er sem lokamat er:

A = Framúrskarandi

B+ = Mjög góð hæfni og frammistaða

B = Góð hæfni og frammistaða

C+ = Á góðri leið

C = Sæmileg hæfni og frammistaða

D = Hæfni og frammistöðu ábótavant



### VS Samfélagsgreinar fyrir 5.bekk

- **Framvinda**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**
- Hæfnieinkunn (stjörnumerkt)

### VS Samfélagsgreinar fyrir 5.bekk - Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Kynnist tengslum samfélags, náttúru, trúar og lífsviðhorfa fyrr og nú.
- Þekkir viðbrögð við slysum í heimahúsum, nærsamfélagi og náttúrunni.
- Gerir sér grein fyrir náttúruauðlindum Íslands, hvernig þær eru nýttar og hvers vegna þarf að vernda þær og umhverfið.
- Gerir sér grein fyrir mikilvægi samhjálpur og velferðar og hvernig hún er framkvæmd í samfélaginu
- Þekkir störf og atvinnuhætti Íslendinga
- Getur notað kort og gröf til að afla upplýsinga.
- Fræðist um umhverfisáhrif af manna völdum og leiðir til úrbóta.
- Þekkir sögu og menningu heimabyggðar og helstu stofnanir samfélagsins.
- Áttar sig á að hver og einn getur lagt sitt af mörkum til að vernda auðlindir og umhverfi.
- Þekkir helstu staði á landinu og veit hvar þá er að finna, s.s. höfuðborgina, kaupstaði, þorp, örnefni.
- Þekkir veðurfar og gróður landsins.
- Getur lesið sér til gagns á hinum ýmsu fréttamiðlum.
- Þekkir og skilur hugtakið lýðræði.
- Gerir sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og hlutverkum innan þeirra.
- Getur leitað sér upplýsinga í bókum og á netinu um ákveðna staði á Íslandi.
- Þekkir merkustu sögustaði á Íslandi.

## VS Samfélagsgreinar fyrir 5.bekk - Hugarheimur- Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- Gerir sér grein fyrir hvað eru styrkleikar og hvað eru veikleikar
- Getur lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.
- Getur lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu.
- Getur sett sér markmið í námi.
- Áttar sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótast og breytast
- Gerir sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og getur rætt þýðingu þess.

## VS Samfélagsgreinar fyrir 5.bekk - Félagshéimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- Veit hvað lýðræðislegt samfélag er.
- Veit hvað sanngirni, sjálfstraust og virðing er.
- Sýnir samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.
- Gerir sér grein fyrir að hann er þátttakandi í samfélaginu, með ákveðin réttindi og skyldur og sýnir ábyrgð í samskiptum
- Tjáir eigin þekkingu og viðhorf á viðfangsefnum.
- Gerir sér grein fyrir að eigin athafnir geta haft afleiðingar
- Gerir sér grein fyrir að fólk er með mismunandi skoðanir á ýmsum málefnum
- Gerir sér grein fyrir gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu.
- Tekur þátt í lýðræðislegum samræðum.
- Gerir sér grein fyrir reglum sem gilda í samskiptum fólks og þjálfist í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum
- Gerir sér grein fyrir að fólk er með ólíkan bakgrunn og virðir frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgild skoðana og lífshátta.
- Veit hvað staðalímyndir eru.

## VS Samfélagsgreinar fyrir 5.bekk - Landafræði

- Læri hverjar eru höfuðáttirnar
- Kynnist því hvernig atvinnulíf getur verið ólíkt eftir landshlutum

- Þekki Norðurlöndin.
- Þekki heimsálfurnar.
- Geri sér grein fyrir myndun og mótun Íslands
- Læri að þekkja landshluta Íslands
- Þekki fána Norðurlandanna.
- Sjálfstæði í upplýsingaöflun og verklagi.
- Læri að þekkja helstu jökla, ár og fjöll á Íslandi
- Geti nýtt sér kortabók til upplýsingaöflunar
- Þekki höfuðborgir Norðurlandanna.

#### VS Samfélagsgreinar fyrir 6.bekk

- **Framvinda**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**
- Hæfnieinkunn (stjörnumerkt)

#### VS Samfélagsgreinar fyrir 6.bekk - Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Fræðist um sögu og menningu heimabyggðar og þekki helstu stofnanir samfélagsins og hlutverk þeirra.
- Gerir sér grein fyrir eigin útgjöldum, neyslu og áhrifum auglýsinga á eigin neyslu og á samfélagið.
- Þekkir gróður og loftslag sem einkennir Norðurlöndin.
- Veit hvaða höf liggja að hverju Norðurlandanna og stærstu vötn á Norðurlöndum.
- Þekkir og getur lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta
- Veit hvaða lönd tilheyra Norðurlöndunum.
- Gerir sér grein fyrir náttúrufari og helstu auðlindum Norðurlandanna.
- Áttar sig á hvernig loftslag og gróðurfar hefur áhrif á búsetu og lífsskilyrði.

- Getur nefnt dæmi um hvernig samfélagsgerð tengist lífi einstaklinga.
- Þekkir fána og höfuðborgir Norðurlandanna.
- Þekkir merka staði í sérhverju Norðurlandanna.

#### VS Samfélagsgreinar fyrir 6.bekk - Hugarheimur- Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- Getur sett sér markmið út frá fjölbreyttum viðfangsefnum
- Getur lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dyggða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund.
- Getur vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda og hvernig vinna má með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt.

#### VS Samfélagsgreinar fyrir 6.bekk - Félagshéimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- Tjáir þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti.
- Getur rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum
- Getur tekið þátt í rökræðum um ólík málefni af samfélags og siðferðilegum toga.
- Sýnir sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samvinnu við aðra.
- Tekur þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt.
- Getur nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu og rætt um áhrif staðalímynda
- Getur rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra.
- Tekur þátt í samræðum um stöðu sína sem þátttakanda í samfélaginu, réttindi og skyldur og sýnir ábyrgð í samskiptum
- Þekkir til ólíkra málefna af samfélagslegum og siðferðilegum toga.